

Fyrirspurn

til félags- og jafnréttismálaráðherra um viðbótarkostnað
vegna breytinga á almannatryggingum.

Frá Halldóru Mogensen.

1. Hver yrði árlegur viðbótarkostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið ef uppbót á lífeyri vegna framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð yrði felld inn í tekjutryggingu skv. 22. gr. laga um almannatryggingar þannig að hætt yrði að skerða uppbótina „krónu á móti krónu“ vegna annarra tekna lífeyrisþega? Óskað er eftir svari miðað við óbreytta tekjutryggingu.
2. Hver yrði viðbótarkostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið ef sett yrði í lög um félagslega aðstoð bráðabirgðaákvæði þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 9. gr. skuli frá 1. janúar 2017 teljast til tekna við útreikning sérstakrar framfærsluuppbótar 60% allra tekna, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem og erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi?
3. Hver yrði áætlaður viðbótarkostnaður ríkissjóðs við almannatryggingar ef frá 1. janúar 2018 giltu sömu útreikningsreglur um sérstakra framfærsluuppbót og gilda um tekjutryggingu?

Skriflegt svar óskast.